



Fjölbrautaskólinn við Ármúla

Ársskýrsla 2021

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Nemendur	4
Fjöldi dagskólanemenda	4
Fjöldi nýnema.....	4
Fjöldatölur fjarnám - þróun	5
Skipting nemenda á brautir – dagskóli.....	5
Hlutfallsleg skipting bók- og starfsnám.....	6
Brautskráðir á árinu – fjöldi og brautir	7
Kynjaskipting bók- og starfsnám	7
Kynjaskipting dagskólanemenda – þróun	8
Meðalaldur – þróun	8
Nemendur með annað móðurmál en íslensku	9
Móttaka og umsjón með nýnemum	10
Rekstur	10
Tekjur og gjöld.....	10
Stoðþjónusta	10
Bóknám	11
Listnám.....	11
Heilbrigðisskólinn.....	11
Sérnámsbraut.....	12
Gæðavottun fjarnáms.....	12
Gæðavottun jafnlaunastefnu	13
Mat.....	13
Innra mat.....	13
Ytra mat.....	13
Umhverfisstefna.....	14
Grænfáninn	14
Umhverfisáfanginn.....	14
Græn skref	14
Erlend samstarfsverkefni	14
Lokaorð.....	15

Inngangur

Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur starfað í rúm 40 ár. Hlutverk hans er að undirbúa nemendur undir líf og starf í Lýðræðisþjóðfélagi og að veita þeim sem þess óska grunn til að sækja sér framhaldsmenntun. Skólinn hefur alla tíð starfað sem annaskiptur áfangaskóli; hvert skólaár skiptist í tvær annir. Megináherslur eru annars vegar bóknám til stúdentsprófs á fimm mismunandi brautum, og hinsvegar starfsnám í heilbrigðisgreinum og listum. Nemendur á bóknámsbrautum eru nálægt því að vera tveir þriðju allra nemenda á hverjum tíma en rétt er að taka fram að ekki ljúka öll námi með lokaprófi (stúdentsprófi). Við skólann er einnig almenn námsbraut fyrir nemendur sem ekki hafa nægjanlegan undirbúning til að innritast á eiginlega námsbraut. Á almennri námsbraut fá nemendur stuðning og og hvatningu og flytjast síðan yfir á aðrar brautir þegar þau hafa lokið undirbúingsáföngum. Loks er við skólann sérnámsbraut fyrir nemendur með fötlunargreiningu. Þau stunda nám í skólanum í fjögur ár og eru flest með einstaklingsmiðaða námskrá.

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eru fjölmennir í skólanum og hefur svo verið síðustu árin. Getustig þeirra er mjög mismunandi og því er mikil vinna að skipuleggja nám þeirra og sjá til þess að öll fái íslenskukennslu við hæfi.

Fjarnám FÁ hefur verið starfrækt í yfir tuttugu ár og eru þrjár námsannir ár hvert. Þar stunda nám yfir þúsund nemendur haust- og vorönnum en nokkuð færri á sumrinönn. Sjá síðar.

Starfsmenn skólans árið 2021 voru 108 á vorönn og 113 á haustönn. Þar af voru kennarar 80 á vorönn og 83 á haustönninni en meðal annarra starfsmanna eru þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar á sérnámsbraut fjölmennastir.


Nemendur

Fjöldi dagskólanemenda

Nemendum í dagskóla hefur fækkað nokkuð frá því sem flest var en þá fór fjöldinn yfir 1000 nemendur nokkrar annir í röð. Síðustu árin hefur fjöldinn oftast verið á bilinu 850-900. Tölurnar í töflunni sem hér fylgir eru teknar þegar liðnar eru þrjár vikur af önn þannig að úrsagnir á fyrstu dögum skekki ekki heildarmyndina.

Fjöldi dagskólanemenda frá 2017 - 2021

2017		2018		2019		2020		2021	
vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust
825	982	821	895	860	915	839	907	853	859



Fjöldi nýnema

Nýnemum fer fjölgandi við skólann eins og sjá má í fylgjandi töflu sem sýnir fjölda nýnema allar haustannir frá 2017.

Fjöldi nýnema 2017 - 2021


Önn	Haust 2017	Haust 2018	Haust 2019	Haust 2020	Haust 2021
Fjöldi nýnema	92	80	116	103	142

Fjöldatölur fjarnám - þróun

Fjöldi fjarnemenda er líkt og fjöldi dagskólanemenda svipaður milli anna en eins og fyrr segir eru þau fæst á sumarönn enda færri áfangar í boði og námstíminn styttri. Sumrin 2020 og 2021 eru þó frábrugðin þar sem heimsfaraldurinn Covid19 var þess valdandi að lítið var um afþreyingu og sumarvinnu fyrir ungt fólk og því kjörið að nýta tímann til náms.

2017			2018			2019			2020			2021		
V	S	H	V	S	H	V	S	H	V	S	H	V	S	H
1224	640	1203	1089	677	1217	1132	699	1214	1206	1104	1274	1346	981	1099

Hér fyrir neðan eru sömu gögn sett fram í myndriti með mismunandi lit fyrir hverja árstíð/tegund annar. Þar kemur greinilega fram hvað Covid hafði mikil áhrif á fjöldann í sumarfjarnámi. Sérstaklega á sumarönn 2020 en einnig 2021.



Skipting nemenda á brautir – dagskóli

Hér á eftir fer tafla sem sýnir hvernig nemendur skiptust á brautir árið 2021. Þess má geta að árinu áður var hætt að skrá nemendur inn á Hugvísindabraut þar sem áhugi nemenda á þeirri braut hefur minnkað og eru einungis nokkur eftir á þeirri braut núna. Sama á við um lækningarabraut; það nám er komið á háskólastig, brautin því ekki til lengur hjá okkur og nemendur í töflunni þau síðustu sem útskrifast héðan. Á móti kemur að nú er nú boðið upp á nýja braut; opna stúdentsbraut sem þegar nýtur nokkurra vinsælda og má gera ráð fyrir að nemendum fjölgi þar á næstu misserum.

Braut	Heiti brautar	Vor 2021		Haust 2021	
		kk	kvk	kk	kvk
AN	Almenn námsbraut	62	63	71	48
FÉ15	Félagsfræðabraut	67	117	84	86
GH15	Grunnnám heilbrigðisgreina	5	19	1	13
HBR15	Heilbrigðisritarabraut	0	16	0	13
HV15	Hugvísindabraut (málabraut)	11	18	6	11
ÍHB17	Íþróttá- og heilbrigðisbraut	43	15	54	15
LT15	Lyfjatæknabraut	2	14	1	8
LÆ18	Læknaritarabraut	0	3	0	2
NÁ15	Náttúrufræðibraut	49	34	49	39
NL15	Nýsköpunar- og listabraut	16	21	17	19
NN15	Heilsunuddbraut	21	46	22	64
SJ15	Sjúkraliðabraut	3	58	1	67
SJB	Sjúkraliðabrá	0	33	0	42
SN	Sérnámsbraut	25	5	27	7
TT15	Tanntæknabraut	0	35	0	26
VH15	Viðskipta- og hagfræðibraut	33	15	47	16
VSS15	Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	3	1 (15)	1 (26)
	Alls	338	515	381	478

Hlutfallsleg skipting bók- og starfsnám

Tegund námsbrautar	Vor 21	Haust 21
Bóknámsbrautir	64,6%	63,5%
Starfsnám, heilbrigðisbrautir	27,1%	28,8%
Starfsnám, nýsköpunar- og listabraut	4,3%	4,2%
Sérnámsbrautir	3,5%	4,0%
Viðbótarnám til stúdentsprófs*	0,5%	0,2%

Brautskráðir á árinu – fjöldi og brautir

Taflan sýnir útskriftir eftir brautum. Samanlagður fjöldi útskrifta af heilbrigðisbrautum er 41 á vorönn eða tæp 29% og 22 á haustönn eða 28% af heildarfjölda útskrifaðra. Það rímar við tölur hér fyrir ofan sem sýnir að hlutfall nemenda á heilbrigðisbrautum er í kringum 28% allra nemenda.


Braut	Vor 21	Haust 21
Félagsfræðibraut	32	24
Hugvísindabraut	9	1
Íþrótt- og heilbrigðisbraut	3	4
Náttúrufræðibraut	25	9
Viðskipta- og hagfræðibraut	2	2
Nýsköpunar- og listabraut	6	3
Sérnámsbraut	4	0
Heilbrigðisritarabraut	4	3
Heilsunuddbraut	6	6
Lyfjatæknabraut	3	3
Læknaritarabraut	4	3
Sjúkraliðabraut	12	7
Tanntæknabraut	12	0
Viðbótarnám til stúdentsprófs	21	13
Alls útskrifaðir:	143	78

Kynjaskipting bók- og starfsnám

Tegund námsbrautar	Vor 2021		Haust 2021	
	kk	kvk	kk	kvk
Bóknámsbrautir	270	281	313	229
Starfsnám, heilbrigðisbrautir	26	205	24	222
Starfsnám, nýsköpunar- og listabraut	16	21	17	19
Sérnámsbrautir	25	5	27	7
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	3	1	1
	338	515	382	478

Kynjaskipting dagskólanemenda – þróun


Eftirfarandi myndrit sýnir kynjaskiptinguna frá 2017. Vert er að geta þess að þetta er í síðasta skipti sem hægt er að setja upp svo einfalda mynd því frá og með vorönn 2022 hafa verið við skólann nemendur sem gefa upp kyn sitt sem „annað“ í stað kk eða kvk.



Meðalaldur – þróun

Eftirfarandi tafla (og myndrit) sýnir meðalaldur nemenda allar vor- og haustannir síðan 2017. Á þessum tíma var stytting bóknámsbrauta framhaldsskólans að koma fram í tölum og sjá má að meðalaldur nemenda á þeim brautum hefur lækkað lítillega og um leið meðalaldur í skólanum sem heild þar sem bóknámsbrautir veiga þungt í heildina.

Meðalaldur nemenda	Bóknámsbrautir (og NL-braut)	Heilbrigðisbrautir	Skólinn sem heild
Haust 2017	21,7	32,0	24,0
Vor 2018	20,3	31,3	22,7
Haust 2018	21,6	31,0	23,6
Vor 2019	20,3	29,8	22,3
Haust 2019	19,9	30,4	22,4
Vor 2020	20,4	30,4	22,3
Haust 2020	19,8	32,1	23,0
Vor 2021	20,0	32,4	23,4
Haust 2021	19,0	32,1	22,7



Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Nemendur með annað móðurmál en íslensku voru 101 árið 2021. Þessar tölur eru frá haustönn en voru svipaðar á vorönn að sögn kennslustjóra. Þetta eru tæp 12% nemenda og hefur fjöldinn sveiflast lítið síðustu annir. Á eftirfarandi töflu má sjá hvaðan þessir nemendur koma (alls eru löndin 36) og þó að tungumálin séu færri (arabíska er t.d. töluð í fleiri en einu þessara landa) þá má sjá að fjölbreytnin er mikil og mikil vinna að sjá til þess að öll fái kennslu við hæfi og geti byggt á styrkleikum sínum.

Afganistan	13	Kína	3
Albanía	1	Kósóvó	1
Búlgaría	1	Lettland	3
Chile	1	Litháen	5
Danmörk	2	Nepal	1
Dómeníska lýðveldið	1	Portúgal	4
El Salvador	1	Pólland	12
Epíopía	1	Rúmenía	3
Filipseyjar	6	Rússland	2
Gambía	1	Serbía	2
Gana	1	Sómalía	2
Gínea	1	Spánn	2
Hondúras	1	Suður-Súdan	2
Írak	4	Sýrland	6
Íran	2	Túnis	1
Ítalía	1	Tæland	1
Jemen	3	Ukraína	1
Kanada	1	Ungverjaland	1
Katar	1	Víetnam	6

Móttaka og umsjón með nýnemum

Síðustu annir (haustannir) hefur verið unnið mikið starf við að bæta móttöku nýnema. Þau sem koma beint úr grunnskóla eru boðuð ásamt foreldrum eða forráðamönnum í einkaviðtal við umsjónarkennara. Einnig er haldinn foreldrafundur þar sem farið er yfir uppbyggingu námsins með áherslu á stuðning heimilanna við skólabyrjun barnanna. Þessu til viðbótar eru nýnemar í umsjónartímum/hópefli hjá umsjónakennara einu sinni í viku á fyrstu önninni. Starfinu er svo fylgt eftir á næstu önn og hefur þessu framtaki verið einkar vel tekið af öllum hlutaðeigandi.

Rekstur

Tekjur og gjöld

	2017	2018	2019	2020	2021
Framlag úr ríkissjóði skv. fjárlögum	1.178.560.717	1.239.592.203	1.408.575.712	1.508.732.463	1.533.917.351
Aðrar tekjur	143.503.611	153.798.378	161.642.606	163.554.030	173.159.876
Tekjur samtals	1.322.064.328	1.393.390.581	1.570.218.318	1.672.286.493	1.707.077.227
Laun	1.110.278.559	1.156.201.287	1.186.222.147	1.297.217.213	1.306.199.461
Önnur gjöld	201.945.444	202.801.443	343.019.814	343.959.854	379.520.519
Gjöld alls	1.312.224.003	1.359.002.730	1.529.241.961	1.641.177.067	1.685.719.980
Afkoma fyrir fjármagnsliði	9.840.325	34.387.851	40.976.357	31.109.426	21.357.247
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		19.504	23.057	37.365	25.414
Afkoma ársins	9.840.325	34.368.347	40.953.300	31.072.061	21.331.833

Eins og sjá má af þessu hefur skólinn skilað umtalsverðum rekstrarafgangi síðustu ár. Ekki er sjálfgefið að skólinn njóti þess þar sem honum ber að að skila öllum afgangi í ríkissjóð. Þó hefur nokkru sinnum á liðnum önnum fengist leyfi til að nýta hluta afgangis í kaup á tækjum, húsgögnum og þessháttar.

Stoðþjónusta

Stoðþjónusta skólans er og hefur alltaf verið fjölbreytt og viðamikil. Aðstoð við nemendur með lestrarörðugleika hefur lengi verið stór þáttur í öllu skólastarfinu og hefur skólinn um árabil sérhæft sig í móttöku slíkra nemenda. Einnig reynir skólinn eftir föngum að styðja við

nemendur á einhverfurófi, nemendur með kvíðaraskanir, nemendur með ahyglisbrest o.s.frv. Umtalsverður stuðningur er og við nemendur sem eru með annað móðurmál en íslensku, enda brýn þörf, sérstaklega þegar þau eru nýkomin til landsins og eru að reyna að fóta sig í skólakerfinu. Allt þetta er mannaflafrekt og í helstu hlutverkum, auk þriggja námsráðgjafa í samtals tveimur og hálfu stöðuhlutfalli, eru:

- Kennslustjóri dyslexíu í 50% starfi. Starfið felur í sér stuðning við nemendur auk þess að miðla upplýsingum til kennara og halda utan um hver þarf hvaða hjálpargögn og hvenær.
- Kennslustjóri AM nemenda í 40% starfi. Hún tekur á mótum nemendum og aðstandendum í upphafi annar og hjálpar til við að koma nemendum í rétta áfanga. Nemendur geta svo hitt hana í viðtalstímum og hún hefur milligöngu í þeirra málum eftir þörfum.
- Almennur kennari í hálfu starfi sem styður nemendur á einhverfurófi og hjálpar þeim við að skipuleggja sig.
- Kennslustjóri á almennri námsbraut sem hefur umsjón með nemendum sem koma með fall á bakinu úr grunnskóla og þurfa að vinna upp efni í kjarnagreinum. Það er einnig hálf staða.

Auk þessa starfar við skólann sálfræðingur í hálfri stöðu og hjúkrunarfræðingur sem hefur viðtalstíma vikulega.

Bóknám

Bóknámsbrautir eru fimm og lýkur öllum með stúdentsprófi. Náttúrufræðibraut, félagsfræðibraut og viðskipta- og hagfræðibraut hafa verið til frá stofnun skólans en nýrri brautir eru íþróttá- og heilbrigðisbraut sem stofnuð var 2017 og opin stúdentsbraut stofnuð 2021. Hugvísindabraut, sem stofnuð var 2015 og tók þá við af eldri málabraut, var þar á mótum lögð niður á árinu eftir að aðsókn hafði farið minnkandi í margan ann.

Listnám

Nýsköpunar- og listabraut er tveggja ára starfsnámsbraut þar sem nemendur leggja áherslu á listgreinar, einkum myndlist og kvikmyndagerð. Flest bæta síðan við sig aukaeiningum til að ljúka starfsnámsstúdentsprófi.

Heilbrigðisskólinn

Skólinn hefur verið kjarnaskóli í heilbrigðisgreinum frá árinu 2000. Í heilbrigðisskólanum er sjúkraliðabrautin lang fjölmennust (sjá töflu bls. 5) en hluti nemenda á þeirri braut er í svokölluðu brúarnámi. Það er tilboð til starfsfólks í umönnun á sjúkrahúsum sem getur með því öðlast réttindi til að vinna sem sjúkraliðar. Heilsnuddbrautin fylgir á eftir sjúkraliðabraut í stærð en aðrar brautir eru heilbrigðisritarabraut, tanntæknabraut og lyfjatæknabraut. Læknaritun er ekki lengur kennd við skólann eins og fyrr segir; brautin hefur verið færð upp á fagháskólastig en seinustu sjö læknaritararnir útskrifuðust héðan á árinu.

Í heilbrigðisskólanum er einnig hægt að velja braut sem kallast grunnám heilbrigðisgreina. Það er 95 eininga pakki ætlaður þeim sem stefna á nám á heilbrigðisgreinum en hafa ekki ákveðið sig hvaða grein. Áfangar þar eru allir bóklegir og nýtast nemendum sem val ef þeir skipta um skoðun og velja heldur að útskrifast af bóknámsbraut. Því miður hefur aðsókn á þessa braut ekki verið eins og væntingar stóðu til og gæti þurft að huga að því að auglýsa hana betur.

Sérnámsbraut

Á sérnámsbraut stunda nám á hverjum tíma um 30 nemendur með fötlunargreiningu. Aðstaða fyrir þessa nemendur er á fyrstu hæð í suðurálmú skólans þar sem er að finna tvær sérhæfðar kennslustofur, hvíldar- og slökunarherbergi og sundlaug auk þess sem þar er að finna sérhæfðan skynörvunarbúnað fyrir þá sem þess þurfa með. Í viðbót hefur brautin yfir að ráða tveimur almennum kennslustofum; önnur er í miðálmú og hin á annarri hæð suðurálmú.

Starfsfólk sérnámsbrautar er um 15 talsins og er ýmist með menntun þroskaþjálfara eða framhaldsskólakennara auk þess sem þar starfa á hverjum tíma nokkrir stuðningsfulltrúar. Nemendur brautarinnar vinna eftir einstaklingsmiðaðri námskrá sem tekur mið af getur hvers og eins.

Foreldrasamstarf er ríkur þáttur í öllu starfi sérnámsbrautar auk þess sem starfsfólk er í miklu sambandi við fagaðila og stofnanir sem þjónusta þessa nemendur.

Nám á sérnámsbraut tekur fjögur ár.

Gæðavottun fjarnáms

Haustið 2018 var ráðist í vinnu við gæðamat á fjarnámi skólans. Vinnan var unnin í samráði við vottunarfyrirtækið iCert. Fyrirtækið var að sækja um réttindi til að vinna að gæðavottun og bauð skólanum að vera viðfangsefni í því ferli, honum að kostnaðarlausu. Vinnan hér innanhúss fór þannig fram að myndað var teymi flestra þeirra sem koma að undirbúningi og utanumhaldi fjarnáms. Hópurinn skipuðu fjarnámstjóri, gæðastjóri, sviðsstjóri, netstjóri, bókarí og starfsmenn á skrifstofu. Fundað var reglulega og hópurinn ritaði sérstaka gæðahandbók þar sem allir vinnuferlar og gátlistar fjarnáms voru skráðir og yfirfarnir. Í apríl 2019 var vinnunni lokið og vottun í höfn eða eins og segir á skírteininu: *Fjarnám Fjölbrautaskólans við Ármúla, uppfyllir kröfur sem tilgreindar eru í staðlinum ÍST EN ISO 9001:2015.*

Það að fá slíka vottun hefur í för með sér áframhaldandi vinnu til að halda vottuninni og viðhaldvottun var framkvæmd vorið 2020 og endurúttekt vorið 2022. Síðan er gert ráð fyrir slíkri endurúttekt á tveggja til þriggja ára fresti. Fyrirtækið iCert sameinaðist EY á Íslandi (Ernst & Young ehf) í lok árs 2021 þannig að þeir framkvæmdu endurvottunina og munu vinna með skólanum í framtíðinni.

Gæðavottun fjarnáms tekur til rekstrarforms og ytri umgerðar fjarnáms en ekki innihalds áfanga. Vilji er fyrir því hjá yfirvöldum skólans að meta það á næstunni og verður sú vinna sett í gang á komandi vetri.

Gæðavottun jafnlaunastefnu

Jafnréttisstefna Fjölbrautaskólans við Ármúla er reist á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 ásamt margvíslegum öðrum lagaákvæðum sem leggja bann við mismunun. Skólinn hefur starfað eftir þessum lögum um árabil og gætt þess að greiða sömu laun fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Skólaárið 2019 – 2020 var framkvæmd úttekt á öllum þáttum í jafnlaunastefnu skólans. Úttektin var framkvæmd af fyrirtækinu iCert (nú EY á Íslandi) og lauk henni með því að í júní fékkst vottunarskírteini þar sem segir: *Fjölbrautaskólinni við Ármúla starfrækir jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur sem settar eru fram í staðlinum ÍST 85:2012 og nær til allra starfsmanna skólans.*

Jafnréttisvísar eru aðgengilegir á heimasíðu skólans, ajá: [Jafnréttisstefna og jafnréttisvísar.](#)

Mat

Innra mat.

Innra mat á skólastarfinu er stöðugt í gangi. Það er unnið undir stjórn gæðastjóra og honum til aðstoðar er sjálfsmatsteymi skipað sex til átta starfsmönnum og tveimur nemendum. Ekki hefur tekist að fá foreldra í þetta teymi síðustu annir en verður reynt að nýju þegar það verður endurskipað.

Helstu þætti innra mats eru kennslukannanir í dagskóla og fjarnámi, yfirferð sjálfsmatsteymis á gátlista þar sem áhersla er lögð á að skoða alla þætti skólastarfsins og síðan þjónustukannanir sem unnar eru eftir þörfum.

Gæðastjóri skrifar sjálfsmatsskýrslu sem birt er á heimasíðunni í lok hvers skólaárs. Þar er auk annars að finna verk- og framkvæmdaáætlun fyrir komandi annir og mat á hvernig tekist hefur með úrbætur frá fyrra ári.

Ytra mat

Árlega tekur skólinn þátt í vali á Stofnun ársins. Þar svara starfsmenn spurningalista sem fer á allar (ríkis-) stofnanir og skólinn fær síðan einkunn byggða á þessum niðurstöðum. Hæst hefur skólinn farið í þriðja sæti yfir stofnanir með 100+ starfsmenn (2019) en hefur oftast verið í sætir 5-8.

Menntamálaráðuneytið sem nú heitir mennta og menningarmálaráðuneyti tekur út alla framhaldsskóla á fimm ára fresti. Þar eru allir þættir skólastarfsins skoðaðir og rætt við stármenn, nemendur og aðstandendur, ýmist í einkasamtölum eða litlum hópum. Skólinn

hefur alltaf komið vel út úr þessum úttektum og lagt sig fram að fara að þeim ábendingum sem þar hafa komið fram.

Allar niðurstöður innara og ytra mats má finna á heimasíðu skólans.

Umhverfisstefna

Grænfáninn

FÁ hefur um árabil verið leiðandi meðal íslenskra framhaldsskóla í umhverfisstarfi enda fyrstur þeirra til að hljóta Grænfánann árið 2006. Síðan hefur fáninn fengist endurnýjaður á tveggja ára fresti, og var afhentur í áttunda skiptið í lok janúar 2021 (frestaðist frá haustönn vegna heimsfaraldurs).

Umhverfisáfanginn

Það er markmið skólans að vera áfram í fararbroddi á sviði umhverfismála og taka ný skref fram á við á hverju ári. Sem lið í þessu starfi var áfangi í umhverfisfræði UMHV2SJ05 gerður að skylduáfangi allra bóknámsbrauta árið 2021. Þannig leggur skólinn áherslu á að auka meðvitund og skilning nemenda á umhverfis- og loftslagsmálum.

Græn skref

Skólinn hefur verið þátttakandi í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri í allmargar annir. Viðfangsefni eru fjölbreytt og snúast um alla þætti skólastarfsins; frá útprentun á fjölblöðungum til þrifa og innkaupa á rekstrarvörum. Hverju skrefi fylgir gátlisti sem stofnun þarf að fylla út til að eiga möguleika á skrefinu sem er veitt af Umhverfisstofnun. Skrefin hafa náðst eitt af öðru; það fyrsta snemma árs 2020 og fjórða skrefið var í höfn í lok árs 2021. Nú er unnið að því að ná fimmta og síðasta skrefinu og horfur á að það takist á árinu 2022.

Grænu skrefin eru eins og annað gæðastarf, því lýkur aldrei heldur þarf að yfirfara gátlista og sækja um endurnýjun á nokkurra ára fresti.

Erlend samstarfsverkefni

Árin 2017 – 2019 stóðu samskipti FÁ við skóla í Evrópu í miklum blóma. Á hverju skólaári fóru 30 – 40 nemendur úr landi í verkefnavinnu með öðrum nemendum og annar eins fjöldi kom til okkar. Sömu leiðis fór á annan tug kennara í slíkar heimsóknir og á undirbúningsfundi sem þeim fylgja. Síðan kom Covid og árin 2020 og 2021 voru nær engin millilandaverkefni í gangi og engar ferðir. Yfirstandandi verkefnum var sumum frestað en önnur blásin af. Reyndar var eitt nýtt verkefni sett í gang 2020: Europness - The Principles We Share og fór í fyrstu fram í gegnum fjarfundi eingöngu en síðan hittust þátttakendur í nóvember 2021. Árið 2022 svo verður vonandi árið sem samskipti hefjast af krafti að nýju.

Styrkir til þessara verkefna koma fyrst og fremst í gegnu Erasmus+ áætlunina og eru tvönnskonar; K1 sem eru ætlaðittil verkþjálfunar og starfsmannaskipta og K2 sem eru fyrir eiginleg samstarfsverkefni. Styrkir koma einnig frá Nordplus Junior og Nordplus Adult en í minna mæli.

Fyrir Covid var mikið um heimsóknir í skólann sem ekki voru verkefna tengdar. Það voru nemendur eða kennarar staddir á Íslandi eða á leið til Íslands sem vildu heimsækja skólann dag eða dagpart og skoða aðstæður. Yfirvöld hafa alltaf tekið vel í slíkar beiðnir og starfsmenn verið boðnir og búnir að kynna skólann og sýna gestrisni. Minna er um þetta eftir að faraldrinu lauk en viðbúið að þetta komist á að nýju og ekkert nema gott um það að segja svo lengi sem það truflar ekki skólastarfið.

Lokaorð

Skólasamfélagið tókst á við fjölbreyttar áskoranir á árinu 2021 sem reyndu á bæði nemendur og starfsfólk. Covid-19 hafði líkt og árið áður áhrif á allt skólastarf og eiga bæði nemendur kennarar hrós skilið fyrir hversu vel þeim tókst að tileinka sér nýja þekkingu og hæfni í fordæmalausum aðstæðum.

Fjölbrotaskólinn við Ármúla gegnir veigamiklu hlutverki í menntun á Íslandi. Auk þess að vera kjarnaskóli í heilbrigðisgreinum og útskrifa stúdenta til frekara náms þá tekur skólinn á ári hverju við stórum hóp nemenda sem ekki hafa lokið tilskildum árangri við lok grunnskóla. Einnig tekur skólinn árlega við fjölmönnum hóp nemenda sem hafa litla sem enga íslenskukunnáttu og leggur ríka áhersla á að aðstoða þau við að fóta sig í oft og tíðum framandi skólaumhverfi. Þar er leitast við að byggja á styrkleikum hvers og eins og aðstoða nemendur við að takast á við áskoranir.

Skólinn býr yfir framúrskarandi mannauð á fjölbreyttu sviði og öll sem eitt vinnum við að því markmiði að koma til móts við fjölbreyttan hóp nemenda og ólíkar þarfir þeirra. Þannig trúum við að við gerum góðan skóla enn betri, öllum til heilla.

Reykjavík í september 2022

Jóna Guðmundsdóttir
Gæðastjóri